

## Vinnsla persónuupplýsinga í Vinnuskóla Reykjavíkur

Þessari síðu er ætlað að veita upplýsingar um þá vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað í Vinnuskóla Reykjavíkurborgar.

Fræðsla þessi er veitt með vísan til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér nefnt persónuverndarlög) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og sem við kemur rétti einstaklinga gagnvart grunnskólanum.

Foreldri er hér notað um þá sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga nr. 76/2003.

### Vinnuskólinn er ábyrgðaraðili – samskiptaupplýsingar

Vinnuskólinn er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga barna sem vinna þar sem og foreldra þeirra og ber Vinnuskólinn ábyrgð á því að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við persónuverndarlög. Heimasíða skólans er: [www.reykjavik.is/vinnuskolinn](http://www.reykjavik.is/vinnuskolinn)

Engu að síður er Reykjavíkurborg ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga í tilteknum tilfellum.

Hafa samband við Vinnuskólann á umhverfis- og skipulagssviði vegna ábyrgðar Reykjavíkurborgar, netfangið er [vinnuskoli@reykjavik.is](mailto:vinnuskoli@reykjavik.is)

### Ef þú hefur spurningar varðandi meðferð persónuupplýsinga í Vinnuskólanum

Ef þú hefur spurningar varðandi meðferð persónuupplýsinga barna þinna getur þú haft samband við Vinnuskólann eða persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Tekið er fram að áður en foreldrum eru látnar í té persónuupplýsingar sem þeir eiga rétt á verða þeir að staðfesta deili á sér.

### Persónuverndarfulltrúi Vinnuskólans

Verkefni persónuverndarfulltrúa er að sinna eftirliti með reglufylgni og aðstoða ábyrgðaraðila og vinnsluaðila við að fylgja persónuverndarlöggjöfinni.

Umhverfis- og  
skipulagssvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Þjónustuver  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

411 1111

Einstaklingar sem óska upplýsinga um vinnslu persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg sem og leiðbeininga um hvernig þeir geta neytt réttar síns samkvæmt ákvæðum laganna, geta beint erindum sínum til persónuverndarfulltrúa í gegnum netfangið [persónuverndarfulltrui@reykjavik.is](mailto:persónuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða í síma 411 1111.

[Frekari upplýsingar um persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar](#)

## Tilgangur og lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga í Vinnuskóla Reykjavíkurborgar er fólginn í því að fullnægja samningsskyldu um greiðslu launa í samræmi við ráðningarsamning vegna umsóknar um starf hjá skólanum. Nýta á lausnina Vala vinnuskóli til að taka á móti umsóknum í vinnuskólann, halda utan um allar meginupplýsingar um nemendur vinnuskólans og foreldra/forráðamenn þeirra, s.s. launareikning, röðun í hópa, skráða leiðbeinendur þeirra, tímabil í starfi, mætingu- og fjarveruskráningu og umsagnir og endurgjöf nemendanna að tímabili loknu.

Vinnuskólinn tekur ekki myndir af nemendum skólans, hvorki til nýtingar í Völu vinnuskóla eða heimsíðu.

Vinnuskóli Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg eru ábyrgðaraðilar og hafa til samræmis við framangreint heimild á grundvelli 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga til vinnslu persónuupplýsinga um börn.

## Hvaða persónuupplýsingar er unnið með?

Af hálfu Vinnuskólans er alla jafna unnið með grunnupplýsingar um barn og foreldra þeirra, þ.e. nafn, kennitölu, lögheimili, netfang og símanúmer. Jafnframt eru skráðar bankaupplýsingar, viðveruskráning, heilsufarsupplýsingar (ef við á), frammistöðumat í formi stjörnugjafar, skriflega umsögn sem og óskir um starfsstaði og starfstímabil.

Foreldrum er skyld að veita upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir starf barnsins hjá Vinnuskólanum. Ef tilefni er til er unnið með nauðsynlegar viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi persónuverndarlaga sem varða heilsufar barnsins, þetta geta verið sem dæmi upplýsingar um ofnæmi, læknisfræðilegar og sálfræðilegar greiningar og lyf. Vinnuskólinn getur því óskað eftir upplýsingum frá foreldrum um sjúkdóma og lyf vegna öryggis barnsins og vegna slysa og bráðaveikinda.

Í einstökum tilfellum og aðeins ef sérstök þörf er á, skráir vinnuskólinn viðkvæmar persónuupplýsingar sem varða heilsufar barns í rafrænt upplýsingakerfi Vinnuskólans, Völu vinnuskóli. Þetta geta verið sem dæmi neyðarupplýsingar um lífshættulega sjúkdóma, svo sem bráðaofnæmi og flogaveiki.

Vinnsla getur náð til, barna, foreldra og starfsmanna Vinnuskólans sem og einhverja starfsmanna Reykjavíkurborgar, s.s. starfsfólk þjónustuvers Reykjavíkurborgar, auk annarra skráðra einstaklinga sem Vinnuskólinn telur að vinnsla þurfi að ná til, til að uppfylla skyldu sína.

## Hvernig er persónuupplýsinganna aflað eða þær fengnar?

Upplýsingar um börn berast frá foreldrum í gegnum rafrænt umsóknar- og upplýsingakerfi, Völu vinnuskóla.

Grunnupplýsingar um börn og foreldra þeirra, kennitala, nafn og lögheimili eru tengd við þjóðskrá og Vala vinnuskóli samkeyra upplýsingarnar við þjóðskrá reglulega til að tryggja að réttar upplýsingar um lögheimili séu skráðar.

Leiðbeinendur Vinnuskólans skrá í kerfið upplýsingar í tengslum við ástundun barnsins sem og framistöðum. Upplýsingar geta jafnframt borist frá öðrum starfsstöðum, s.s. leikskólar, félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, Íþróttafélög í Reykjavík, skátafélög í Reykjavík og dagdvalir og hjúkrunarheimili, sem hafa heimild til að miðla upplýsingum til Vinnuskólans á grundvelli þjónustusamnings. Nánari upplýsingar um notkun Völu vinnuskóla má sjá undir umfjöllun um notkun kerfisins.

Útbúnar eru persónumöppur fyrir hvert barn Vinnuskólans sem geymdar er á öruggum stað. Í persónumöppuna er safnað skjölum er varða viðkomandi barn á meðan það er í Vinnuskólanum.

Vinnuskólinn er skilaskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Í skilaskyldu felst að skjöl og gögn í persónumöppu barnsins sem skylt er að geyma verður skilað til Þjóðskjalasafn Íslands, þar sem þau eru geymd til framtíðar.

Hvert barn með lögheimili í Reykjavík getur sótt um að starf hjá Vinnuskólanum eftir nám í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Gögn verða því skráð í Völu vinnuskóla frá því að foreldrar/forráðamenn skráir barnið fyrst og þar til í september ári eftir að nemandi lýkur skólagöngu í grunnskólum Reykjavíkur. Þá er gögnin send til Þjóðskjalasafns Íslands skv. framangreindum lögum og eytt úr kerfum Völu vinnuskóla. Gögn geta því í mesta lagi verið hýst í hugbúnaðinum í fjögur ár.

- [Meira um upplýsingaöryggisstefnu Reykjavíkurborgar](#)

## Hverjir vinna með persónuupplýsingarnar?

### ***Miðlun persónuupplýsinga til þriðju aðila (vinnsluaðila)***

Reykjavíkurborg nýtir sér aðstoð svokallaðra vinnsluaðila við að hýsa þær persónuupplýsingar sem unnið er með í Vinnuskólanum. Með vinnsluaðila er til dæmis átt við Völu vinnuskóla. Það sama kann að eiga við um annars konar

upplýsingatækniþjónustu. Slíkir aðilar kunna því að hafa aðgang að persónuupplýsingum í tengslum við starfsemi Vinnuskólans, en öll aðkoma þeirra að upplýsingunum byggir á skriflegum samningi við Reykjavíkurborg þar sem öryggi upplýsinganna og trúnaður er tryggður. Þá kann Reykjavíkurborg að vera skyld samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar sem unnið er með á vegum sveitarfélagsins.

Reykjavíkurborg mun ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt lögum samkvæmt. Kveða skal á um varðveislu og vistun persónuupplýsinga af hálfu þriðja aðila í vinnslusamningum sem Reykjavíkurborg á aðild að. Reykjavíkurborg mun ekki nota persónuupplýsingar í öðrum tilgangi eða afhenda þær þriðja aðila, nema á grundvelli lagheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar, skriflegs vinnslusamnings eða samþykkis hins skráða. Reykjavíkurborg áskilur sér þó rétt til að afhenda þriðja aðila ópersónugreinanlegar upplýsingar í sínsinda- og rannsóknaskyni eftir því sem lög heimila.

## **Upplýsingar um notkun rafræna skráningar – og upplýsingakerfisins Völu Vinnuskóla**

Vinnuskóli Reykjavíkurborgar notar rafræna skráningar – og upplýsingakerfið Völu vinnuskóla á grundvelli vinnslusamnings sem Vinnuskólinn hefur gert við Advania ehf. Vala vinnuskóli er skráningar og upplýsingakerfi sem er notað til skráninga og miðlunar upplýsinga um börn og til samskipta við foreldra um barn þeirra. Umsóknir um vinnuskóla, mæting og umsagnir auk fleiri atriða eru vistuð í Völu vinnuskóla.

- [Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga í Völu](#)

Foreldrar geta fengið upplýsingar og verið í samskiptum við Vinnuskólanum gegnum smáforrit/app Völu vinnuskóli sem hægt er að hlaða niður í síma. Foreldrar og vinnuskóli geta svarað og sent stutt skilaboð til foreldra en skilaboðin eru skráð í Völu vinnuskóli.

## **Persónuupplýsingar sem hægt er að skrá í Völu vinnuskóla eru eftirfarandi:**

Grunnupplýsingar um barn: Nafn, kennitala, lögheimili, símanúmer, fæðingarár, netfang, farsímanúmer. Auk þess eru skráðar bankaupplýsingar, viðveruskráning, heilsufarsupplýsingar (ef við á), frammistöðumát í formi stjórnugjafar, skriflega umsögn sem og óskir um starfsstaði og starfstímabil.

Grunnupplýsingar varðandi foreldra/forsjáraðila samkvæmt þjóðskrá og tengiliði: nafn, kennitala, sími og netfang.

Foreldrar geta óskað eftir að skráðir verði aðrir aðstandendur barnsins að auki.

Aðrar upplýsingar: Foreldrar/forráðamenn geta í umsókninni skráð athugasemdir sem þeir vilja eða telja nauðsynlegt að komi á framfæri og getur varðað öryggi og heilsu barnsins í störfum hjá Vinnuskólanum.

Það er meginregla að heimilt er að skrá í Völu vinnuskóla upplýsingar til að koma í veg fyrir bráðatilvik eða til að starfsfólk, sem ber ábyrgð á velferð barna, sé meðvitað um hættu á slíkum tilvikum og kunni að bregðast við henni og haga störfum sínum í ljósi hennar.

## Skráning á notkun

Allar innskráningar notenda í Völu vinnuskóla eru skráðar eða „loggaðar“. Í breytingasögu eru skráðar allar breytingar á hvaða aðgerðum í Völu. Þar er skráð dagsetning breytingar, skýring, nýtt gildi, fyrra gildi og hver breytti.

Atburðaskráningin er gerð í öryggis- og eignavörsluskyni og er liður í að tryggja að gögn í kerfinu séu varin meðal annars gegn óheimilum aðgangi, breytingum og eyðingu, þjófnaði eða skemmdum.

## Sjálfvirk ákvörðunartaka

- *Ekki fer fram sjálfvirk ákvörðunartaka í Völu vinnuskóla.*
- *Aðrar leiðir til að fá aðgang að upplýsingum*

Komi fram rökstudd beiðni frá foreldrum um að aðgangur að upplýsingum verði jafnframt veittur með öðrum hætti, s.s. með tölvupósti, símleiðis eða bréfleiðis, skal starfsfólk skóla leitast við að verða við slíkum beiðnum, enda þjóni það hagsmunum og þörfum barnsins. Tillit skal tekið til eðlis og mikilvægis þeirra upplýsinga sem um ræðir hverju sinni og hvort sérþarfir barns eða sérstakar aðstæður kalli á að samskipti séu með tilteknum hætti

## Upplýsingar um notkun Office 365

Vinnuskóli Reykjavíkurborgar nýtir Office 365 í daglegum störfum sínum. Office 365 er rekið af Microsoft Corporation. Office 365 er samsafn af margskonar verkfærum/kerfum en mest eru nýtt: Word, Excel, Power point, One note, One Drive og Share point.

- [Nánari upplýsingar um Office 365](#)

## Starfsfólk Vinnuskólans

Starfsfólk Vinnuskólans sem þarf á upplýsingum að halda vegna starfa sinna hefur aðgang að upplýsingunum um börn og foreldra þeirra. Á starfsfólki Vinnuskólans hvílir þagnarskylda.

# **Skrifstofa umhverfis- og skipulagssviðs og símaver Reykjavíkurborgar**

Skrifstofa umhverfis- og skipulagssvið er með aðgang að Völu vinnuskóla og sér meðal annars um greiðslu launa auk þess sem komið getur til þess að símaver fái aðgang að upplýsingum um börn í tengslum við yfirferð á upplýsingum eða skráningu í kerfið ef foreldrar óska þess og geta það verið viðkvæmar persónuupplýsingar. Á starfsfólki Reykjavíkurborgar hvílir þagnarskylda.

Skrifstofa umhverfis- og skipulagssviðs notar skráningar- og skjalavistunarkerfi sem ber heitið Hlaðan á grundvelli vinnslusamnings við Hugvit hf. Eins og aðrir starfsstaðir Reykjavíkurborgar notar skrifstofa umhverfis- og skipulagssvið Microsoft 635 í störfum sínum. Launaútreikningur og greiðslur fer í gegnum kerfið SAP sem er einnig í eigu vinnsluaðilans Origo hf.

## **Vinnsla á grundvelli stjórnsýslulaga, upplýsingalaga og annarra laga**

Komið getur til þess að Vinnuskóli Reykjavíkurborgar beri að afhenda gögn á grundvelli stjórnsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012 eða barnaverndarlaga nr. 80/2002, með hliðsjón af 2. mgr. 17. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018.

### **Önnur vinnsla**

Í starfi vinnuskóla getur verið um að ræða aðra vinnslu persónuupplýsinga en tilgreind er upptalningunni hér að ofan.

- Hvað er gert við persónuupplýsingar og hversu lengi eru þær geymdar?***

Þegar upplýsingar berast vegna umsóknar um vinnuskóla í gegnum umsokn.vala.is eru þær skráðar í rafrænt upplýsingakerfi skólans sem er gagnagrunnur sem hýstur er af Advania ehf. Í lok hvers skólaárs yfirfer umsjónarmaður skjalasafns eða sa aðili sem stjórnandi hefur falið verkefnið persónumöppur barna og gætir þess að öll gögn varðandi börn hafi verið prentuð út og sett í persónumöppur til samræmis við leiðbeiningar um skjalavörslu fyrir Vinnuskóla Reykjavíkurborgar, eftir því sem við á ef ekki er um rafræn skil að ræða.

Vinnuskólinn er skilaskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Af því leiðir að þeim er óheimilt að eyða skjölum og gögnum sem þeim berast eða verða til hjá þeim, nema að fengnu leyfi Þjóðskjalasafns Íslands. Í skilaskyldu felst jafnframt að öllum skjölum og gögnum sem berast Vinnuskólanum eða verða til hjá þeim, skal skilað til Þjóðskjalasafns Íslands

þar sem þau eru geymd til framtíðar. Rafrænar skrár, gagnagrunnar og skjalavörslukerfi skulu jafnframt afhent Þjóðskjalasafns Íslands.

- [Nánari upplýsingar um Þjóðskjalasafns Íslands má finna á vef safnsins](#)

## Réttindi

Foreldrar eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sín. Um takmarkanir á upplýsingarátti þeirra fer samkvæmt fyrirmælum 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fáir upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi.

- [Nánari upplýsingar um bessi réttindi bína má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar](#)

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar í gegnum netfangið [persónuverndarfulltrui@reykjavik.is](mailto:persónuverndarfulltrui@reykjavik.is), í síma 411 1111 eða sent erindi til Persónuverndar.

- [Vefur Persónuverndar](#)